



## Fundargerð

399. fundur velferðarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12

9. júní 2021, kl. 14:00

Viðstaddir: Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Hrafn Ásgeirsson, Jasmina Vajzovic Crnac, Jónína Sigríður Birgisdóttir, Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Ungt fólk 2021 (2019110250)

Hafþór B. Birgisson íþróttá- og tómstundafulltrúi mætti á fundinn og kynnti niðurstöður rannsóknarinnar Ungt fólk 2021 sem Rannsóknir og greining ehf. gerði meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk í grunnskólum Reykjaneshæjar í febrúar 2021. Auk þess fór hann yfir helstu verkefni í forvarnarmálum hjá sveitarfélaginu.

### 2. Lýðheilsustefna Reykjaneshæjar (2019100079)

Guðrún Magnúsdóttir lýðheilsufræðingur mætti á fundinn og kynnti helstu áherslur í lýðheilsustefnu Reykjaneshæjar.

### 3. Samræmd móttaka flóttafólks (2020021431)

a. Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir verkefnastjóri fjölmeningarmála, Anna Sigríður Sveinbjörnsdóttir og Lukasz Ryszard Michalski ráðgjafar á velferðarsviði mættu á fundinn og kynntu nýtt verklag um samræmda móttöku flóttafólks en velferðarsvið Reykjaneshæjar og félagsmálaráðuneytið gerðu með sér þjónustusamning um móttöku, aðstoð og þjónustu við flóttafólk sem hlotið hafa alþjóðlega vernd hér á landi. Um er að ræða reynsluverkefni til eins árs þar sem markmiðið er að afla frekari gagna sem hægt verður að nýta til ákvarðanatöku um áframhaldandi innleiðingu á verkefninu.

b. Félags- og barnamálaráðherra óskar eftir tilnefningum í samráðsnefnd um samræmda móttöku flóttafólks. Verkefni samráðsnefndarinnar er að tryggja sem best samræmi og samhæfingu vegna samræmdrar móttöku flóttafólks og er meginhlutverk nefndarinnar að

- brúa bilið milli stjórnsýslustiga og stofnana sem koma að málefnum flóttafólks
- hafa yfirsýn yfir stöðu móttökumála
- vera vettvangur til að deila reynslu og þekkingu
- fjalla um þau mál sem upp koma í samskiptum stofnana
- fjalla um þau mál sem koma upp í þjónustu við einstaklinga



Velferðarnefnd mun tilnefna fulltrúa Reykjaneshæjar í samráðsnefndina þegar endurskipulagning teyma á skrifstofu velferðarsviðs liggur fyrir.

#### **4. Könnun á félagslegu húsnæði 2021 (2021060118)**

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs gerði grein fyrir yfirstandandi könnun hjá leigjendum í félagslegu húsnæði hjá Reykjaneshæ um hvort leigjendur uppfylli enn skilyrði fyrir búsetu í félagslega húsnæðiskerfinu. Alls var könnunin send til 154 leigjenda. Svör hafa borist frá tæplega 36% leigjenda. Skilafrestur gagna er til 20. júní 2021.

#### **5. Menntastefna Reykjaneshæjar 2021-2030 – drög til umsagnar (2020010070)**

Halldóra G. Jónsdóttir aðstoðarmaður bæjarstjóra mætti á fundinn og kynnti drög að menntastefnu Reykjaneshæjar 2021-2030. Fræðsluráð óskar eftir umsögnum frá nefndum og ráðum Reykjaneshæjar um drögin.

Velferðarráð fagnar vel unninni menntastefnu sem fellur vel að stefnu Reykjaneshæjar og þeim áherslum sem þar koma fram.

#### **6. Viðspyrnustyrkir félagsmálaráðuneytisins vegna COVID-19 (2021010237)**

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs greindi frá styrkjum sem fengist hafa frá félagsmálaráðuneytinu til mótvægisáðgerða vegna áhrifa COVID-19 fyrir sumarið 2021.

Um er að ræða annars vegar styrk að upphæð kr. 4.952.990 til að efla virkni, vellíðan og félagsfærni barna 12-16 ára í viðkvæmri stöðu. Styrkurinn rennur til verkefnanna Skapandi smíðjur, Skapandi sumarstarf á Ásbrú og Ævintýrasmiðjur barna og ungmenna.

Hins vegar fékkst styrkur að upphæð kr. 3.000.500 til að efla félagsstarf fullorðinna á Nesvöllum með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun sem hefur orðið vegna COVID-19 hjá eldra fólki.

#### **7. Sumaráttak námsmanna 2021 (2021060125)**

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs gerði grein fyrir verkefnum námsmanna sem ráðnir hafa verið á velferðarsviði í sumar. Verkefnin eru mjög fjölbreytt og á mismunandi starfsstöðvum á sviðinu. Ráðið hefur verið í störf í stuðningsþjónustu, dagdvölum, Hæfingarstöðinni, Björginni, búsetukjörnum fatlaðra, barnavernd, Ævintýrasmiðjum, Skapandi sumarstarfi, alþjóðlegri vernd og fjölskylduþjónustu svo dæmi séu tekin, en einnig í sérstök verkefni eins og endurskoðun regluverks á velferðarsviði, eflingu notendasamráðs og samfélagslegrar virkni, aðgengismála og grafískrar hönnunar. Störfin eru styrkt af Vinnuálastofnun en Reykjaneshæjar fékk úthlutað alls 267 sumarstörfum fyrir námsmenn og tókst að ráða í allar stöðurnar í sumar.

#### **8. Innleiðing og framkvæmd á lögum um þjónustu við fatlað fólk (2021060121)**

Félagsmálaráðherra skipaði starfshóp í janúar 2021 um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Starfshópurinn óskaði eftir að Ríkisendurskoðun gerði úttekt á framkvæmd sveitarfélaga á umræddum lögum.



Félagsmálaráðuneytið sendi spurningalista til sveitarfélaga vegna úttektarinnar og hafa svör Reykjaneshæjar verið send til ráðuneytisins.

#### **9. Fundargerð Samtakahópsins 27. maí 2021 (2021010500)**

Fundargerðin lögð fram.

#### **10. Fundargerðir neyðarstjórnar (2021010061)**

Fundargerðir lagðar fram.

#### **11. Mælaborð og tölulegar upplýsingar (2021010238)**

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs lagði fram mælaborð og tölulegar upplýsingar.

#### **Fjárhagsaðstoð**

Í maí 2021 fengu 152 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð frá Reykjaneshæ, alls voru greiddar kr. 23.591.182. Í sama mánuði 2020 fengu 139 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð, alls voru greiddar kr. 18.515.515. Umsækjendum með samþykka fjárhagsaðstoð hefur fjölgað um 9,3% frá maí 2020.

#### **Sérstakur húsnæðisstuðningur**

Í maí 2021 fengu alls 277 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins, samtals kr. 3.857.543. Í sama mánuði 2020 fengu 227 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning, samtals kr. 3.118.927. Umsækjendum með samþykktan sérstakan húsnæðisstuðning fjölgar um 22% frá maí 2020.

#### **Áfrýjunarnefnd**

Í maí 2021 voru 7 mál lögð fyrir áfrýjunarnefnd. 6 erindi voru samþykkt og 1 erindi var synjað.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:15.